

NÁMSLEIÐ

Tölvugrunnur og
sjálfsefning



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSKRÁR

Menntastoðir, númer 20-483-2-1200

NÁMSLEIÐ

Tölvugrunnur og sjálfsefning, uppbrot námskrár 20-483-2-1200

VINNUSTUNDIR NEMA

40 klukkustundir alls

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki eldra en 18 ára

GERT AF: Mímir símenntun

Staðfestist af FA samkvæmt reglum um uppbrot námskráa FA

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2024.



Efnisyfirlit

NÁMSLEIÐ – NÁMSKRÁ	1
TITILL: TÖLVUGRUNNUR OG SJÁLFSEFLING, - <i>MENNTASTOÐIR</i> BROTTIN UPP.	1
NÁMSLEIÐ LÝSING: TÖLVUGRUNNUR OG SJÁLFSEFLING	1
SKIPULAG	2
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS	2
NÁMSMAT	2
YFIRLITSTÖFLUR	3
Námsleið: Tölvugrunnur og sjálfsefling – úr námskrá: Menntastoðir	3
NÁMSÞÆTTIR	4
SAMSKIPTI OG SJÁLFTRAUST 02 F-SASJ2FS (1)	4
TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI 05 F-TÖUP2RT (4)	5



Námsleið – námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (www.frae.is) á lista yfir hugtök í námskrám, námsleiðum og námslýsingum FA.

Titill: Tölvugrunnur og sjálfsefling, - *Menntastoðir* brotin upp.

Námskrá: Menntastoðir

Námsleið lýsing: Tölvugrunnur og sjálfsefling

Námsleiðin sem hér er lýst er hluti af námskrá FA *Menntastoðir*.

Tilgangur námsins er að styrkja námsfólk í grunnatriðum tölvunotkunar, ásamt því að efla sjálfstraust og samskiptahæfni nemanna. Námið nýtist í daglegu lífi og starfi og er ekki síður góður grunnur fyrir áframhaldandi nám.

Af þrettán námsþáttum námskrárinnar sem liggur til grundvallar eru tveir námsþættir hennar nýttir hér í sérstaka námsleið.

Heildarnámstími námsleiðar er 140 klukkustundir en námskráin Menntastoðir er alls 1200 klukkustundir.



Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Framsetning námsefnis þarf að taka mið af reynslu nemanna.

Leiðbeinendur tala tungumál sem hentar hverjum námshóp, þó gengið sé út frá undirliggjandi áherslu á íslensku.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal námsfólk búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

Þekking

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- siðferðisgildum við samskipti almennt og á rafrænum miðlum
- helstu þáttum sem snúa að tölvu- og snjalllausnum við nám og störf

Leikni

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja sér námsmarkmið í samræmi við eigin fyrirætlanir með náminu
- þekkja uppbyggingu og almenna umgengni við tölvur og vinnslu þeirra

Hæfni

Nemi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- til að vinna verkefni sjálfstætt og skipuleggja vinnuna
- miðla upplýsingum bæði skriflega og munnlega á skýran og greinargóðan hátt

Námsmat

Námsárangur er metinn með fjölbreyttum aðferðum sem lýst er í kennsluáætlun með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Áhersla er á að bæði leiðbeinendur og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.



Yfirlitstöflur

Námsleið: Tölvugrunnur og sjálfsefling – úr námskrá: Menntastoðir

Tafla 1: Skipulag náms

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag -viðbót	Eining	Þrep
Samskipti og sjálfstraust 02	F-SASJ2FS (1)	40	10	30	2	2
Tölvu- og upplýsingatækni 05	F-TÖUP2RT (4)	100	30	70	5	2
Vinnuframlag nema		140	40	100	7	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: Nei

Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

Samskipti og sjálftraust 02

F-SASJ2FS (1)

Þrep	2
Vinnustundir	40
Námsgrein	Samskipti og sjálftraust 02
Viðfangsefni	Færniefning í samstarfs- og samskiptahæfni, persónuleg markmiðasetning, öryggi og óöryggi í samskiptum, undirgefni og yfirgangur, sjálftraust, virk og óvirk hlustun, að rýna til gagns, ágreiningur

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er annars vegar að efla samstarfs- og samskiptahæfni þátttakenda og hins vegar er fjallað um helstu áhrifaþætti í mannlegum samskiptum, einkum áhrif sjálfstrausts á framkomu, ákveðni og óákveðni ásamt ágengni í samskiptum. Áhersla er lögð á leikni í að hlusta, gagnrýna, taka við gagnrýni og leysa ágreining. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun. Mikilvægt er að viðfangsefni námsþáttarins fléttist inn í alla aðra námsþætti námskrárinnar.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því sem einkennir góð samskipti
- aðferðum sem stuðla að árangursríkum samskiptum
- mikilvægi trúnaðar fyrir jákvæð og nærandi samskipti
- eigin styrkleikum og veikleikum
- mismunandi leiðum til að efla eigið sjálftraust

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í samskiptum í tengslum við margvísleg viðfangsefni
- beita mismunandi leiðum til að efla eigið sjálftraust
- bregðast við áskorunum af ábyrgð og sjálfsöryggi
- tjá skoðanir sínar í hópi, af virðingu og nærgætni
- setja sig í spor annarra

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna með öðrum og deila gagnlegum upplýsingum
- sýna frumkvæði í samskiptum við aðra
- beita mismunandi leiðum til að efla eigið sjálftraust
- virða skoðanir annarra og taka tillit til þeirra í eigin tjáskiptum

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Tölvu- og upplýsingatækni 05

F-TÖUP2RT (4)

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Tölvu- og upplýsingatækni 05
Viðfangsefni	Ritvinnsla, kynningarforrit, miðlar, töflureiknir

Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að efla hæfni námsmanna í tölvu- og upplýsingatækni. Upprifjun á reglum í siðlegum samskiptum á netinu. Áhersla er á að þjálfar nema í notkun ýmissa gagnlegra forrita í tengslum við vinnu í öðrum námsþáttum námskrárinnar. Fjallað er um almenn atriði upplýsingalæsis og um tölvubúnað og hvernig best má hagnýta vél- og hugbúnaðinn í námi og starfi. Lagt er upp úr kynningu og notkun á opnum (gjaldfrjálsum) hugbúnaði. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarinnar sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi góðrar uppsetningar (framsetningar) á texta, myndum og kynningum
- nýtingarmöguleikum ýmissa forrita í námi og starfi með áherslu á opinn hugbúnað
- samþættingu atriða milli forrita

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma helstu aðgerðir í forritum sem notuð eru
- miðla helstu upplýsingum um hugbúnað sem notaður er
- vinna verkefni í hóp á netinu.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- geta beitt hugbúnaði í samhengi við eigið nám eða starf
- sýna ábyrgð og siðvit við notkun á innra- og ytra neti
- sýna sjálfstæði og frumkvæði í markvissri notkun forrita við framsetningu efnis

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

